

Hagstæður gistimöguleiki fyrir Norðurlásmótið á Akranesi

Gistiheimilið Vistin

Á Vistinni eru 32 tveggja manna herbergi og eru tvö herbergjanna með sérstöku aðgengi fyrir fatlaða. Herbergin eru rúmgóð, snyrtileg og öll með sér baðherbergi. Í hverju herbergi eru tveir fataskápar, tvö skrifborð og skrifborðsstólar, ísskápur og ókeypis aðgangur að þráðlausri nettengingu. Í almennu rými fyrir miðju hússins er setustofa með sjónvarpi.

Gestir geta valið um svefnpokagistingu (koma með eigin sængurföt) eða uppábúin rúm. Þess utan eigum við nokkrar dýnur til að leggja á gólf og þrjú barnarúm sé þess óskað.

Kjósi gestir svefnpokagistingu er verðið fyrir nóttina 8.900 KR pr./herbergi. Rúmin eru þá afhent gestum með laki og kotta með koddaveri.

Kjósi gestir uppábúin rúm er verðið fyrir nóttina 9.900 KR pr./herbergi.

Leiga á aukadýnu á gólfi eða barnarúmi kostar 500 kr. nóttin (með laki og kotta með koddaveri). Sé óskað eftir því að búið sé um dýnu á gólfi eða barnarúmi er verðið 1000 kr. nóttin.

Magnús Freyr Ólafsson
Farfuglaheimili Akraness
T-póstur: akranes@hostel.is
S: 868 3332

Vistin

